

Fræðsla um réttindi skráðra aðila hjá Ísafjarðarbæ

Í þessu skjali verða kynnt helstu réttindi sem einstaklingar njóta á grundvelli laga nr. 90/2017 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (hér eftir nefnd persónuverndarlög) og reglugerðar (ESB) nr. 2016/679¹ (hér eftir nefnd almenna persónuverndarreglugerðin) við vinnslu Ísafjarðarbæjar á persónuupplýsingum.

Ísafjarðarbær hefur sett sér persónuverndarstefnu sem unnið er eftir. Persónuverndarfulltrúi Ísafjarðarbæjar hefur umsjón með eftirfylgni við persónuverndarstefnu bæjarins og framfylgni sveitarfélagsins við persónuverndarlög. Hægt er að hafa samband við persónuverndarfulltrúa með því að hringja í síma 450 8000. Fyrirspurnir geta jafnframt borist skriflega eða rafrænt:

Rafrænar fyrirspurnir skulu sendar til

personuvernd@isafjordur.is

Skriflegar fyrirspurnir skulu sendar til

Ísafjarðarbær
Persónuverndarfulltrúi Ísafjarðarbæjar
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

Réttur einstaklinga til staðfestingar á vinnslu persónuupplýsinga og aðgangs að upplýsingum

Einstaklingur hefur rétt á því að fá staðfestingu frá Ísafjarðarbæ hvort verið sé að vinna persónuupplýsingar er varða hann sjálfan og ef svo er, rétt til aðgangs að þeim persónuupplýsingum, skv. 17. gr. persónuverndarlaga og 13.-15. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar. Samhliða á viðkomandi rétt á upplýsingum um eftirfarandi atriði varðandi vinnsluna:

- tilgang vinnslunnar
- viðkomandi flokka persónuupplýsinga
- viðtakendur eða flokka viðtakenda sem fengið hafa eða munu fá persónuupplýsingar í hendur
- allar fyrirbyggjandi upplýsingar um uppruna persónuupplýsinga hafi þeirra ekki verið aflað hjá hinum skráða
- hversu lengi fyrirhugað er að varðveita persónuupplýsingar
- að fyrir liggja réttur til að fara fram á það við Ísafjarðarbæ að láta leiðrétta persónuupplýsingar, eyða þeim, takmarka vinnslu eða andmæla vinnslu
- réttinn til að leggja fram kvörtun hjá eftirlitsyfirvaldi, Persónuvernd
- hvort fram fari sjálfvirk ákvarðanatöku, þ.m.t. gerð persónusniðs

Sama rétt hefur skráður aðili auk þeirra réttinda sem tilgreind eru hér að neðan.

Upplýsingar sem veittar eru skulu vera án endurgjalds. Hafi beiðni í för með sér ljósritun/prentun í miklu magni eða sé beiðni frá einstaklingi augljóslega tilefnislaus eða óhófleg, einkum vegna endurtekningar, er

¹ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga.

Ísafjarðarbæ heimilt að innheimta gjald skv. gjaldskrá safna Ísafjarðarbæjar fyrir ljósritun og prentun og/eða setja upp sanngjarnt gjald með tilliti til kostnaðar við upplýsingagjöfina eða að neita að verða við beiðninni. Það er sveitarfélagsins að sýna fram á að beiðni sé tilefnislaus eða óhófleg.

Réttur skráðs aðila

Sé unnið með persónuupplýsingar einstaklings hjá Ísafjarðarbæ telst hann skráður aðili. Skráður aðili hefur eftirfarandi rétt samkvæmt persónuverndarlögum:

Réttur skráðs aðila til leiðréttingar

Að fá óreiðanlegar persónuupplýsingar er varða hann sjálfan leiðréttar og láta fullgera ófullkomnar persónuupplýsingar. Þar sem Ísafjarðarbær er skuldbundinn til að varðveita persónuupplýsingar sem berast sveitarfélaginu skv. lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn er því óheimilt að breyta gögnum. Réttur skráðs aðila til leiðréttingar er því tryggður með því að leggja fram yfirlýsingu til viðbótar við upphafleg gögn málsins.

Réttur skráðs aðila til eyðingar („rétturinn til að gleymast“)

Réttur til eyðingar á gögnum gildir ekki um vinnslu sem varðar verkefni sem byggð eru á lögbundnum verkefnum bæjarins, þar sem vinnsla persónuupplýsinga er talin nauðsynleg til að uppfylla lagaskyldu sem hvílir á sveitarfélaginu.

Svo sem áður getur þá er Ísafjarðarbær skuldbundinn til að varðveita persónuupplýsingar sem berast sveitarfélaginu skv. lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn og af þeim sökum geta skráðir aðilar almennt ekki farið fram á eyðingu persónuupplýsinga. Í einstaka tilvikum gæti réttur til eyðingar þó átt við.

Réttur skráðs aðila til að krefjast takmörkunar á vinnslu persónuupplýsinga

Í ákveðnum tilvikum er hægt að krefjast þess að Ísafjarðarbær takmarki vinnslu á persónuupplýsingum. Þetta getur átt við ef skráður aðili véfengir að persónuupplýsingar séu réttar, en þá þarf að fá staðfestingu á umræddum upplýsingum eða ef vinnslan er umfram lagaheimildir og skráður aðili fer fram á takmarkaða notkun þeirra. Þegar vinnslan hefur verið takmörkuð skal einungis vinna slíkar persónuupplýsingar, að varðveislu undanskilinni, með samþykki skráðs aðila. Ísafjarðarbær skal tilkynna skráðum einstaklingi sem fengið hefur fram takmörkun á vinnslu um það áður en takmörkuninni á vinnslunni er aflétt.

Réttur skráðs aðila til að andmæla vinnslu

Ef vinnsla Ísafjarðarbæjar byggir á almannahagsmunum eða lögmætum hagsmunum sveitarfélagsins á skráður aðili rétt á að andmæla vinnslu persónuupplýsinga hvenær sem er, vegna sérstakra aðstæðna sinna. Þer Ísafjarðarbæ þá ekki að vinna persónuupplýsingarnar frekar nema unnt sé að sýna fram á mikilvægar lögmætar ástæður fyrir vinnslunni sem ganga framar hagsmunum, réttindum og frelsi hins skráða. Sama gæti átt við ef þarf að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfu.

Réttur skráðs aðila til að flytja eigin gögn

Réttur skráðs aðila til að láta flytja eigin gögn á milli ábyrgðaraðila persónuupplýsinga á einungis við þegar vinnsla persónuupplýsinga byggir á samþykki eða samningi og er sjálfvirk. Sé réttur til að flytja eigin gögn fyrir hendi, skal afhenda skráðum aðila persónuupplýsingar er varða hann sjálfan, á skipulegu, algengu og

tölvulesanlegu sniði. Ef það er tæknilega framkvæmanlegt á skráður aðili rétt á að persónuupplýsingar hans séu sendar beint frá Ísafjarðarbæ til annars ábyrgðaraðila.

Réttur skráðs aðila til vitneskju um sjálfvirka ákvarðanatöku

Skráður aðili skal eiga rétt á því að ekki sé tekin ákvörðun eingöngu á grundvelli sjálfvirkar gagnavinnslu, þ.m.t. gerðar persónusniðs, sem hefur réttaráhrif að því er hann sjálfan varðar eða snertir hann á sambærilegan hátt að verulegu leyti samkvæmt nánari fyrirmælum 22. gr. reglugerðarinnar, með þeim undantekningum sem þar getur.

Hjá Ísafjarðarbæ eru ekki teknar sjálfvirkar ákvarðanir. Lagt er mat á hvert einstaklingsmál áður en ákvörðun er tekin.

Réttur skráðs aðila til að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd

Sérhver einstaklingur skal, án þess að það hafi áhrif á önnur stjórnsýslu- eða réttaráhræði, hafa rétt til að leggja fram kvörtun hjá eftirlitsyfirvaldi. Persónuvernd skal upplýsa kvartanda um framvindu og niðurstöður kvörtunar, m.a. möguleikann á að höfða mál fyrir dómstóli vegna lagalega bindandi ákvörðunar Persónuverndar sem hann varðar. Unnt er að senda kvörtun til Persónuverndar með því að senda tölvupóst á netfangið postur@personuvernd.is. Þá er hægt að senda bréfpóst á heimilisfang Persónuverndar.

Réttur skráðs aðila til að afturkalla samþykki

Í þeim tilvikum er vinnsla Ísafjarðarbæjar byggir á samþykki skráðs aðila getur sá hinn sami afturkallað samþykki sitt fyrir vinnslunni og skal það gert skriflega á þar til gerðu eyðublaði. Afturköllun samþykkis skal ekki hafa áhrif á lögmæti vinnslu á grundvelli samþykkis fram að afturkölluninni.

Beiðnir einstaklinga um að neyta réttar síns samkvæmt persónuverndarlögum

Mælst er til þess að beiðnir einstaklinga um að neyta réttar síns samkvæmt persónuverndarlögum berist í gegnum beiðnaform á mínum síðum undir rafrænum Ísafirði á heimasíðu Ísafjarðarbæjar (<https://minarsidur.isafjordur.is>), þó hægt sé að taka á móti beiðnum með öðrum hætti. Beiðnir einstaklinga um afrit að persónuupplýsingum sem sveitarfélagið vinnur um þá skulu afmarkaðar við tiltekin gögn eða tiltekin mál, sbr. 15. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012. Leitast er við að svara öllum beiðnum innan mánaðar frá viðtöku þeirra. Sé um að ræða umfangsmikla eða flókna beiðni mun sveitarfélagið upplýsa um tafir og leitast við að svara í síðasta lagi innan þriggja mánaða frá viðtöku á beiðni.

Fræðsla þessi er birt með vísan til laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga, sem við kemur rétti einstaklinga gagnvart Ísafjarðarbæ.